

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 133/2004

frá 24. september 2004

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2004 frá 9. júlí 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/232/EB frá 3. mars 2004 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 að því er varðar notkun halons 2402 ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 21aa (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000) í XX. viðauka við samninginn:

„- **32004 D 0232**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/232/EB frá 3. mars 2004 (Stjtíð. ESB L 71, 10.3.2004, bls. 28).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2004/232/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 376, 23.12.2004, bls 51 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 65, 23.12.2004, bls. 34.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 71, 10.3.2004, bls. 28.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 24. september 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Kjartan Jóhannsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann